

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Akraneskaupstað.

#### *Deiliskipulag Akratorgsreits, Sunnubraut 21.*

Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar samþykkti 27. maí 2024 breytingu á deiliskipulagi Akratorgsreits, vegna Sunnubrautar 21. Breytingin felst í breytingum innanhúss ásamt útlitsbreytingum á húsi á lóðinni. Í norðvesturhorni íbúðar á neðri hæð verður stúkað af nýtt svefnherbergi og settur nýr gluggi í útvegg. Einnig verður gluggum á norðausturhlíð neðri hæðar breytt. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr., sbr. 3. mgr. 44. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

#### *Deiliskipulag Flóahverfis, Lækjarflói 25.*

Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar samþykkti 27. maí 2024 breytingu á deiliskipulagi Flóahverfis, vegna Lækjarflóa 25. Breytingin felst í að lóð við Lækjarflóa 25 er stækkuð úr 5.791 fm í 6.211 fm eða um 420 fm í vestur. Byggingarreitur er stækkaður til samræmis úr 3.133 fm í 3.456 fm eða um 323 fm. Við stækkun eykst byggingarmagn um 168 fm. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr., sbr. 3. mgr. 44. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

#### *Deiliskipulag Sementsreits, Suðurgata 126.*

Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar samþykkti 27. maí 2024 breytingu á deiliskipulagi Sementsreits, vegna Suðurgötu 126. Breytingin felst í stækkun byggingarreits um 11,9 m<sup>2</sup> til austurs. Byggja á lyftu við hús en núverandi lyftuhús verður fjarlæggt. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið málsmeðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*Akranesi, 1. júlí 2024.*

**Halla Marta Árnadóttir** skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 4. júlí 2024